

**Ed.**

#### **46. Nefndarátt**

um frumv. til laga um fiskiræktarfjelög.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin er öll á einu máli um, að frumv. þetta geti mjög greitt fyrir fiskirækt í vötnum hjer á landi, ef að lögum verði, og þar sem bæði erlend og innlend reynsla sýnir, að með fiskirækt má stórauka fiskimagn vatnanna, getur frumv. orðið landbúnaðinum að miklu gagni.

Frumv. er því sem næst eins og það var afgreitt frá Nd. á síðasta þingi (þskj. 551), að öðru en því, að gert er ráð fyrir, að fiskiræktarfjelögin megi gera takmarkaðar ráðstafanir til að friða fisk og útrýma sel, en með því að höfundur frumv., sem er manna fróðastur um þessi efni, telur þetta ákvæði nauðsynlegt til að fiskiræktin nái tilgangi sínum, og hinsvegar er skýrt tekið fram í 10. gr. frumv., að starfsemi þessi megi ekki koma í bága við lög nr. 5, 19. febr. 1886, um friðun á laxi, virðist ekki áhorfsmál að halda þessu ákvæði.

Yfirleitt virðist frumv. vel úr garði gert og leggur því nefndin til, að það verði samþ. með eftirfarandi

#### **BREYTINGU.**

Í stað orðanna í 2. gr. »eða hefir stunduð verið« komi: eða gæti verið stunduð.

Alþingi, 27. febrúar 1929.

Jón Jónsson,  
form. og frsm.

Jón Baldvinsson,  
fundaskr.

Jónas Kristjánsson.